



Hestamannafélagið Glaður

Stjórnarfundur 4. febrúar 2007

Endurritað úr fundargerðarbók Glaðs á ábyrgð ritara:

Fundur í stjórn Glaðs haldinn að Brekkuhvammi 10, 4. febrúar 2007.

Mættir: Eyþór, Valberg, Viðar, Svala og Þórður.

1. Húsbyggingarmál.
Svarbréf hefur borist frá nefnd um úthlutun styrkja til reiðhalla, reiðskemma og reiðskála, bréfið er dagsett 26. janúar 2007. Ljóst er að Glaður fær ekki hærri styrk að sinni en þegar hefur verið úthlutað. Rætt um næstu skref og ákveðið að stefna að því að byggja reiðskemmu, hugsanlega 30x22 m. Útbúa þarf kostnaðaráætlun og síðan að afla fleiri styrkja.
2. Æskulýðsdagur Glitnis.
Dagurinn verður 17. maí og við munum reyna að taka þátt, fræðslunefndin mun vinna að þessu.
3. Nesoddinn.
Ganga þarf frá skilum á svæðinu og uppgjöri við landeiganda.
4. Jörfagleði.
Athugað verði hvort félagið verði með kynningarbás.
5. Lýsing á mótssvæðinu.
6. Hestaeigendafélag Búðardals hefur ákveðið að kosta og setja upp lýsingu á mótssvæðið. Stjórn Glaðs fagnar þessu framtaki og þakkar Hestaeigendafélaginu.

Fleira ekki tekið fyrir,

Þórður Ingólfsson (sign)

Eyþór J. Gíslason (sign)

Valberg Sigfússon (sign)

Viðar Þór Ólafsson (sign)

Svala Svavarsdóttir (sign)